



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um EasyPark (US200439).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. desember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Svar hefur borist við fyrirspurn um hvert tekjurnar sem mest notaða bílastæðaapp í Evrópu, sem nú er komið til Íslands fara vegna greiddra bílastæðagjalda innan Reykjavíkur?

Í svari segir að EasyPark keypti Leggja.is árið 2019. Greiðslur fyrir stæði sem greiddar eru með greiðslulausninni renna óskertar til Bílastæðasjóðs. EasyPark leggur aukalega á þóknun fyrir hverja notkun og rennur sú þóknun til þeirra.

Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta skrítið svar frá bílastæðasjóði en er hér verið að segja að bæði bílastæðasjóður fái gjald og svo fari einnig sérstök greiðsla til EasyPark? Eru bílaeigendur að greiða gjald til beggja í hvert skipti sem þeir leggja? Eru bílaeigendur meðvitaðir um það og hafa þá gjöldin ekki hækkað sérstaklega þar sem EasyPark leggur aukalega þóknun á fyrir hverja notkun?

Óskað er upplýsinga um samninga sem liggja til grundvallar samstarfs bílastæðasjóðs og EasyPark og hvernig fyrirkomulagið allt er í því sambandi?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og Bílastæðasjóðs, þann 13. janúar sl.

Svar við fyrirspurn:

Bílastæðasjóður innheimtir ávallt fullt gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun bílastæða í umsjá sjóðsins, að frádreginn þóknun færsluhirðis vegna greiðslna með greiðslukortum.

Viðskiptavinir Bílastæðasjóðs sem kjósa að nýta sér greiðslulausnir þriðja aðila í stað stöðumæla sjóðsins, gera það í samræmi við skilmála viðkomandi þjónustuaðila, hvort sem um er að ræða EasyPark eða annan aðila. Mismunandi er hvort þjónustuaðili innheimti sérstaka þóknun fyrir milligöngu sína.



Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu EasyPark, geta viðskiptavinir fyrirtækisins valið á milli þess að borga fast 529 kr. mánaðargjald fyrir þjónustuna og að borga 95 kr. þjónustugjald fyrir hvert skipti sem lagt er í stæði. Aðrir þjónustuaðilar hafa mismunandi verðskrár og viðskiptamódel.

Bílastæðasjóður og Easy Park Ísland ehf. gerðu samning sín á milli í lok árs 2019, um innheimtu bílastæðagjalda fyrir gjaldskyld bílastæði við götukanta og í bílahúsum Bílastæðasjóðs með greiðslulausn í snjallsíma. Í samningnum felst hvorki einkaréttur né ráðstöfunarréttur á bílastæðum Reykjavíkurborgar og er því ekki um framsal á bílastæðum að ræða. Eingöngu er um að ræða tengingu við kerfi Bílastæðasjóðs sem gerir samningsaðila kleift að annast milligöngu um greiðslu stöðugjalds fyrir viðskiptavini sína.

Nú þegar eru til staðar sambærilegir samningar við fleiri þjónustuaðila og ekkert því til fyrirstöðu að semja við aðra áhugasama aðila á jafnaðargrundvelli, svo framarlega sem þeir uppfylla skilmála Bílastæðasjóðs.

Meðfylgjandi eru almenn skilyrði fyrir gerð samnings um milligöngu um innheimtu stöðugjalda fyrir Bílastæðasjóð.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Almenn skilyrði fyrir gerð samnings um milligöngu um innheimtu stöðugjalda fyrir Bílastæðasjóð.

ALMENN SKILYRÐI FYRIR GERÐ SAMNINGS UM MILLIGÖNGU UM INNHEIMTU STÖÐUGJALDA FYRIR BÍLASTÆÐASJÓÐ

Þeir aðilar (hér eftir rekstraraðili) sem hafa hug á að gera samkomulag um samstarf við Bílastæðasjóð um milligöngu um innheimtu bílastæðagjalda með greiðslulausn fyrir snjalltæki (hér eftir greiðslulausn) þurfa að uppfylla þau skilyrði sem fram koma í þessu skjali.

I. Rekstraraðili þarf að vera skráð fyrirtæki á Íslandi, vera í skilum við sinn viðskiptabanka og má ekki vera í vanskilum með lífeyrirssjóðsiðgjöld eða opinber gjöld.

Ofangreindu til staðfestingar þarf rekstraraðili að skila inn:

1. Staðfestingu á skráningu í fyrirtækjaskrá RSK
2. Undirrituðum ársreikningi síðasta árs
3. Yfirlýsingu banka um greiðslustöðu.
4. Staðfestingu á að opinber gjöld og lífeyrirssjóðsiðgjöld séu í skilum.

II. Um innheimtu stöðugjalda fyrir bílastæðasjóð fer fram vinnsla persónuupplýsinga og skal hún vera í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sérstakt samkomulag um vinnsluna er fylgiskjal við samning um greiðslulausnina.

Rekstraraðili og Reykjavíkurborg teljast sameiginlegir ábyrgðaraðilar í skilningi persónuverndarlaga (23. gr.) og skulu gera með sér skriflegt samkomulag um meðferð persónuupplýsinga sem hluta af samningi um milligöngu í innheimtu (greiðslulausn). Í sameiginlegri ábyrgð felst að hvor samningsaðili um sig ber ábyrgð á sínum hluta vinnslunnar eins og nánar er greint í samkomulagi þar um. Hér á eftir eru nánar tilgreindir þeir þættir sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar þurfa að sýna fram á áður en skrifað er undir samkomulag um sameiginlega ábyrgð.

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum borgarinnar. Reykjavíkurborg hefur sett sér persónuverndarstefnu, í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem aðgengileg er á heimasíðu Reykjavíkurborgar https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skiol_utgefid_efni/personuverndarstefna_reykjavik_urborgar_mars_2019.pdf.

Rekstraraðili er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem hann vinnur með í starfsemi sinni og ber ábyrgð á að öll vinnsla persónuupplýsinga, kerfi, hýsing gagna og fræðsla gagnvart hinum skráðu sé í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd á hverjum tíma.

Rekstraraðili kann að safna persónuupplýsingum við veitingu þjónustunnar sem afhenda ber Reykjavíkurborg, t.d. staðsetningargögn og önnur gögn, sem Reykjavíkurborg mun vinna með, meðal annars til að rækja lögbundin verkefni í starfsemi sinni. Nánar er tilgreint um slíka afhendingu í samkomulagi um sameiginlega ábyrgð.

Sameiginlegir ábyrgðaraðilar skulu:

- gera ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn þeirra, og aðrir sem hafa aðgang að persónuupplýsingunum, vinni upplýsingarnar eingöngu í samræmi við fyrirmæli samnings um sameiginlega ábyrgð (hér eftir samningur). Þeir skulu geta sýnt fram á hvernig ráðstöfunum er háttað.
- staðfesta að til sé vinnsluskrá varðandi vinnslu persónuupplýsinganna.

- sýna fram á persónuverndarstefna og verklag vegna upplýsingagjafar til hinna skráðu sé til staðar.
- sýna fram á hvernig fyllsta trúnaðar sé gætt varðandi vinnslu persónuupplýsinga, ásamt hvernig aðgangsstýringum að aðgengi að persónuupplýsingum er háttað.
- tryggja að þeir starfsmenn sem hafa aðgang að persónuupplýsingum, hafi fengið fullnægjandi þjálfun og fræðslu um þær skyldur sem á ábyrgðaraðilum hvíla í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli persónuverndarlaga og samnings. Ábyrgðaraðilar skulu leggja fram fræðsluáætlun fyrir starfsmenn sem koma að vinnslu persónuupplýsinganna.
- gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga þeirra sem þau vinna með. Ráðstafanirnar skulu taka mið af nýjustu tækni, kostnaði við innleiðingu, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslu og áhættu. Kerfið þarf að vera með innbyggða og sjálfgefna persónuvernd.
 - Í því skyni að tryggja viðeigandi og fullnægjandi tæknilegar ráðstafanir, skulu ábyrgðaraðilar, a) nota gerviauðkenni og dulkóðun upplýsinga; b) geta tryggt viðvarandi trúnað, samfellu, tiltækileika og álagsspol vinnslukerfa- og þjónustu; c) geta endurheimt tímanlega tiltækileika og aðgang að persónuupplýsingum ef til efnislegs eða tæknilegs atviks kemur; og d) taka upp ferli til að prófa og meta reglulega skilvirkni tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að tryggja öryggi vinnslunnar.
- Þegar viðunandi öryggi er metið einkum hafa hliðsjón af þeirri áhættu sem vinnslan hefur í för með sér, einkum að því er varðar óviljandi eða ólögmdæta eyðingu persónuupplýsinga, sem eru sendar, geymdar eða unnar á annan hátt, eða að þær glattist, breytist, verði birtar eða veittur aðgangur að þeim í leyfisleysi.
- almennt vista persónuupplýsingar í íslenskri lögsögu. Ef annar aðila ákveður að vista persónuupplýsingar erlendis skal ávallt upplýsa gagnaðila um slíkar ráðstafanir. Ábyrgðaraðilum er alfarið óheimilt að flytja persónuupplýsingar út fyrir Evrópska efnahagssvæðið.
- sýna fram á að innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga sé viðhaft til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið í samningi.
- tilgreina hvort fela eigi vinnsluðila að vinna með persónuupplýsingar og ef til þess kemur upplýsa hver vinnsluðili upplýsinganna er. Ábyrgðaraðilum er óheimilt að fela vinnsluðilum að vinna persónuupplýsingar fyrir sína hönd nema með sérstakri og skriflegri heimild frá hvor öðrum.
- sýna fram á verklagsreglur um meðhöndlun beiðna hinna skráðu um að gögnum og beiðnir sem berast frá þriðja aðila um aðgang að gögnum.
- sýna fram á verklagsreglur um eyðingu gagna og langtímavistun, ef við á.

III. Fyrirvari um tengingu við kerfi bílastæðasjóðs

Áður en hægt er að hefja starfsemi greiðslulausnar í samræmi við samning við bílastæðasjóð þarf að tryggja tengingar og virkni við kerfi bílastæðasjóðs. Rekstraraðili ber ábyrgð á að greiðslulausn hans uppfylli þau skilyrði sem þarf til að sú tenging gangi vel fyrir sig. Eftir að samningur hefur verið undirritaður setur bílastæðasjóður upp tímaáætlun fyrir prófanir greiðslulausnar og heldur utan um þær. Það getur tekið e-r vikur og jafnvel mánuði frá undirskrift samnings þar til hægt er að taka greiðslulausn í notkun.